


Unnur Breiðfjörð

Á PRJÓNUNUM

Kennsluleiðbeiningar



NÁMSGAGNASTOFNUN

Á PRJÓNUNUM – kennsluleiðbeiningar
ISBN 9979-0-0321-9

© 1999 höfundur: Unnur Breiðfjörð
Ljósmynd: Sigurður S. Jónsson

Öll réttindi áskilin
1. útgáfa 1999
NÁMSGAGNASTOFNUN
Reykjavík

Ritstjórn: Ragnheiður Gestsdóttir
Prentvinnsla: Námsgagnastofnun

Hvers vegna þrjón?

Talið er að þrjón sé upprunnið í Egyptalandi og vitað er að þar var farið að þrjóna um 900–1000 f. Kr. Þessi handiðn breiddist nokkuð hratt út í Evrópu. Hér á Íslandi var fyrst farið að þrjóna svo vitað sé um 1560–70. Vorum við Íslendingar þar jafnvel á undan öðrum Norðurlandabúum. Þá var strax farið að nýta sér þessa aðferð til fatagerðar. Fljótlega urðu þrjónaðar flíkur góður gjaldmiðill þeirra tíma og voru þrjónavörur oft seldar fyrir nauðpurftum fyrir á öldum. Heimildir um útflutning á þrjónavarni eru til frá því um 1600, upplýsingar um það er að finna í Iðnsögu Íslands.

Miklar breytingar í þjóðfélaginu hafa valdið því að verkunnáttu kann að hraka. Staða verk- og listgreina í skólum landsins er mun veikari en bóklegra greina og á heimilum komast börn ekki í kynni við verkmennt í sama mæli og áður. Hér verður því grunnskólinn að standa sig ef þessi forni menningararfur á ekki að tapast. Auk þess að vera menningararfur er þrjón einstakt tæki til að þroska hug og hönd og um leið til að veita nemendum tækifæri til að kynnst tómskundaiðu sem er bæði holl og veitir sköpunargleðinni útrás.

Í Aðalnámskrá grunnskóla er ekki gert ráð fyrir að nemendur læri undirstöðuatriði þrjóns fyrir en 9 ára, eins og var í fræðslulögum frá 1946. Ekkert ætti þó að koma í veg fyrir að byrja fyrir eða strax í skólabyrjun. Þá er rétt að skipta bekknum upp í smærri einingar, því litlum börnum þarf að sinna vel. Með því móti næst lengri þjálfunartími og börn á þessum aldri eru oft mjög móttækileg og áhugasöm því sköpunargleðin er mikil og að henni ber að hlúa.

Hér á eftir verður leitast við að rökstyðja hvers vegna mikilvægt er að börn læri að þrjóna og að verja þurfi meiri tíma til kennslu í þrjóni.

Í þrjóni er einstakt tækifæri til að þjálfra samstarf hugar og handa, því það krefst mikillar einbeitingar að ná þrjónaferlinu.

- Nauðsynlegt er að þjálfra fínhyringar handanna, og til þess er þrjón sérlega vel fallið. Þegar menn læra að þrjóna eru þeir að leggja grunn að því hvernig þeir geta haldið lipurð handanna og starfsemi heilans fram á elliár.
- Fólki fækkar sem kann að vinna með höndunum, **hagur þjóðfélagsins krefst þess að list- og verkmennt sé efl.**
- Þrjón er ferli sem þjálfar menn undir aðra vinnu.
- Nemendur læra að skynja uppbyggingu verka og ekki síður að hugsa verkröð fram í tímann.
- Nemendur læra að verja tómsundum sínum á skynsamlegan máta og annast þannig eigin afþreyingu.
- Þrjón getur dregið úr streitu, því hvað er einstaklingnum hollara í hraða og spennu nútímans en að geta setið í ró við holla tómsundavinnu.
- Að læra að þrjóna er liður í því að gera nemendur sjálfbjarga, með því að geta unnið eigin fatnað og annarra.
- Nemendur læra að bera meiri virðingu fyrir fatnaði, því það er staðreynd að fólk fer betur með flík sem það er búið að leggja mikla vinnu í, heldur en þá sem keypt hefur verið.
- Í þrjóni er sérstakt tækifæri til að fá útrás fyrir sköpunargleðina og sköpunarþörfina sem býr í öllum.
- Það þarf að vinna markvisst að því að nemendur skilji listrænt gildi þrjóns og að það sé gott tæki til tjáningar.

Til kennara

Það er mjög mikilvægt í allri handmenntakenntslu að venja nemendur á að nota vinnuleiðbeiningar strax og þeir byrja. Það er einnig mikilvægt fyrir nemendur á öllum stigum að reyna eins og framast er kostur að lesa úr leiðbeiningum og vinna eftir þeim. Það er besta veganestið sem þeir fá. Ég

hvet ykkur kennarar til að kynna ykkur bókina vel þannig að hún nýtist ykkur sem best. Skilyrðislaust þarf að vera til eitt hópasett af bókinni í hverri hannyrðastofu, því kennslan er svo einstaklingsbundin. Leggið áherslu á að kenna nemendum og foreldrum að nota bókina saman. Hún þyrfti því að vera til á hverju heimili. Þetta ætti ekki aðeins að auðvelda ykkur vinnu heldur gera nemendur sjálfstæðari og er það ekki einmitt markmiðið?

Hvetjið nemendur til að prjóna og vinna aðra handavinnu. Þegar þeir prjóna eru þeir fyrst og fremst að þjálfa hendurnar og búa til hluti sem fást hvergi annars staðar. Þeir geta prjónað ýmislegt til gjafa, eða eitthvað sem þá vantar sjálfa. Það er alltaf hægt að grípa prjónana ef fólki leiðist eða veit ekki hvað það á að gera, það liðkar fingurna og örvar sköpunargleðina. Gefa má hugmyndafluginu lausan tauminn og hugsa nýjar lausnir á uppskriftunum. Bókin hvetur til sjálfsnáms, en á því læra nemendur mest.

Hvetjið nemendur til að vinna efni hvers stigs vel áður en byrjað er á næsta stigi.

Venjið þá strax á að nota verklýsingar í prjóni. Allar uppskriftir sem þeir velja, þurfa þeir að geta lesið. Hér er verið að læra að fara eftir vinnuleiðbeiningum sem gildi hefur fyrir alla aðra vinnu. Munið að: „**æfingin skapar meistaran**“.

Hvetjið foreldra til að nýta sér bókina til að vera með börnum sínum og veita þeim dýrmæta hjálp um leið. Þeir bæði geta og þurfa að hjálpa börnunum í þessari námsgrein alveg eins og öðrum. Þetta er enn mikilvægara þar sem hver nemandi fær oftast ekki nema eitt skipti í viku hverri í handmennt í skólanum. Biðjið foreldra að sýna verkefnum þeirra áhuga og veitið þeim hvatningu og hjálp. Mjög mikils virði er að drengir fái jákvæðar undirtektir og athygli því viðhorfin skipta gífurlega miklu máli. Bæði kynin þurfa á því að halda að æfa fínhrefingarnar.

Hér er leið til að vinna í takt við skólann en til

þess þurfa foreldrar að lesa og þekkja uppbyggingu bókarinnar. Biðjið þá að athuga vel hvaða verkþættir eru í hverju stigi og að vinna samkvæmt því. Leggið áherslu á að ná góðri æfingu í aðferðum hvers stigs áður en lengra er haldið.

Byrjendakennsla í prjóni

Kennarar verða að gera sér ljóst hve nauðsynlegt er að vanda innlögn í prjóni og fylgja henni vel eftir. Þeir þurfa að vinna sér upp gott safn af prjónuðum smáhlutum og hvers kyns fígúrum. Það þarf að vera unnið úr fallegum litum og með alls konar skreytingum sem vekja áhuga nemenda. Kennslufræði í prjóni er eins og í öðrum greinum, spurningin um það hvernig við nálgumst nemandann og efnið.

Það er einnig mjög mikilvægt að hafa nægilegt úrval af góðu garni í fallegum litum. Það virkar mjög áhugavekjandi á börn, ekki síður en fullorðna, ef þau sjá fallett garn. Þegar á að kenna börnum prjón þarf að gæta þess að þau hafi tvo **stutta** prjóna og fyrir litlar hendur er líka betra að prjónarnir séu ekki mjög grófir. Mín reynsla er að prjónar nr. 4 eða 5 séu hentugastir, það verður þó að fara eftir garninu sem hver og einn hefur.

Alltaf þarf að vanda undirbúning vel, því lítil börn mega síst við því að verða fyrir einhverjum mistökum. Hafið bókina til að sýna handbrögð um leið og þau koma fyrir, svo sem uppfítjun, áfellingu og hvernig haldið skuli á prjónum. Mikilvægur liður í því að gera nemandann sjálfbjarga er að venja hann strax á að nota vinnuleiðbeiningar og læra handtökin rétt. Hafa þarf í huga að leiðbeiningar henti aldri nemenda. Þá er alveg nauðsynlegt að átta sig á því strax í upphafi, eða réttara sagt áður en farið er inn í tímann, að vinna markvisst að því að það sé skemmtilegt í tímunum. Reynið að skapa létt andrúmsloft, spyrja fréttu af áhugamálum barnanna og taka lagið með

yngrri nemendum inn á milli. Ef árangur á að nást þurfa allir ytri þættir að vera samverkandi og það eru meiri líkur til þess að nemendur haldi áfram og þrjóni síðar ef þeim finnst gaman í þessum tímum.

Kennari verður einnig að vera duglegur að útskýra málið meðan kennsla er í gangi, kynna fyrir nemendum möguleikana hverju sinni, hvetja þá til að skapa sjálfa og koma með nýjar útfærslur og hugmyndir. Þá þarf að gera sér grein fyrir þeim mun sem er á því að kenna þrjón, eftir aldri nemandans.

Þegar þrjónakennsla hefst hjá 9 ára börnum, tel ég rétt að kenna þeim uppfitjun, garðþrjón og affellingu. Og sýna þeim fram á að með þessum aðferðum geti þau búið til ótal hluti. Þau eru mjög fljót að skilja að til þess að geta búið til það sem þeim dettur í hug verða þau að kunna að „byrja og enda“. Sjálfsagt er að byrja fyrr að kenna börnum að þrjóna, ef það er mögulegt. En ef verið er að kenna yngri börnum er þetta of mikið í einu. Þá er best að kennari fitji upp nokkrar lykkjur sjálfur (u.þ.b. 12–14), og þrjóni svo fyrstu umferðina áður en þau taka við, en láti þau fylgjast grannt með hvernig er farið að þessu. Setji svo þrjónana og bandið í rétta stöðu í hendur barnsins. Það er afar mikils um vert að nemendur læri réttu handtökin strax. Þess þarf að gæta að yngri börn hafa **minna úthald** og geta því ekki þrjónað lengi í einu. En þau eru yfirleitt lipur í höndunum og mjög áhugasöm.

Þegar verið er að kenna þrjón er mjög gott að setja kennsluna fram í stigbundnu ferli sem hjálpar nemandanum að muna og skilja hvað á að gera næst. Dæmi um ferli sem nota má í þrjónakennslu: Byrjið um leið og þið stingið lausa þrjóninum í fyrstu lykkjuna og segið: „opna“ krækið með þrjóninum í bandið og segið „sækja band“ komið með bandið í gegn og segið „sömu leið til baka“ og að síðustu um leið og lykkjan er tekin yfir segir maður „yfir á hinn“. Svo er ferlið endur-

tekið við næstu lykkju: „opna“, „sækja band“, „sömu leið til baka“ og „yfir á hinn“, haldið áfram þar til allar lykkjurnar eru búnar. Það er kölluð ein umferð. Svo er þrjónninn með öllum lykkjunum settur í sömu höndina aftur og byrjað upp á nýtt. Þannig er haldið áfram þar til stykkið hefur náð þeirri stærð sem til er ætlast hverju sinni. Þá er fellt af.

Á þessu stigi má segja nemendum að nú sé leikfimitími fyrir fingurna og enginn þeirra megí gleyma því sem hann á að gera. Allir verði að gera sitt til að vel gangi.

Önnur höndin verði að passa lykkjurnar sem eigi að fara að þrjóna og **hin** þær sem séu búnar og bara megí taka eina lykkju í einu, þrjóna hana og setja yfir á hinn þrjóninn. Það gefst vel að setja þetta fram í svolítið leikrænu formi, það getur hver kennari gert með sínu lagi.

Það er mjög mikið atriði fyrir kennarann að vera vakandi fyrir þeim tískusveiflum sem uppi eru hverju sinni. Hvað er á döfinni, risaeðlur hjá þeim yngri, hattar hjá þeim eldri eða eitthvað annað? Bregðist fljótt við því og mætið börnunum þar sem áhugi þeirra liggur.

Örvhentir geta þrjónað jafnt og aðrir! Það finnst mér alveg einsýnt eftir margra ára kennslu. Aftur á móti verður oft vart við hræðslu hjá foreldrum um hið gagnstæða. „Hann eða hún er nú örvhent svo ég get ekkert hjálpað“ heyrir maður oft og líklega enduróma þá börnin líka. Það er mergurinn málsins, því þarf kennarinn oft að leggja sig sérstaklega eftir því að hjálpa þeim börnum og hvetja þau til þess að þau öðlist það sjálfstraust sem þarf til að framkvæma.

Þegar börn eru örvhent er gott að athuga hvort þau geti hugsanlega þrjónað réttthent. (Fólk er misjafnlega „mikið“ örvhent.) Ef börnum er alveg um hönd að þrjóna með hægri hendinni, er sjálf-sagt að þau þrjóni með þeirri vinstri. En ef þau hafa tök á hinu held ég að það sé betra, þau ná þjálfuninni nokkuð fljótt.

Rökin fyrir því að þau reyni að þrjóna réttthent, ef hægt er með góðu móti, eru fyrst og fremst þau að allar uppskriftir eru hannaðar fyrir réttthenta og leiðbeinendum heima og í skólanum gengur í flestum tilfellum betur að hjálpa þeim.

Samkenndsla kynjanna í handmennt

Er rétt að skipta nemendum í hópa eftir jafnréttissjónarmiðum? Aðstæður og bekkjardeildir eru mjög mismunandi, svo við þjónum einstaklingnum best með því að skoða málið hverju sinni. Þá verðum við einnig að hafa leyfi til að breyta samkvæmt því. Staðreyndin er að fáir karlar þrjóna nú á dögum. En þetta er þó þekking sem þeir geta gripið til hvenær sem er, ef þeir fá tækifæri til og ef tekst að halda þrjóni inni í grunnskólanum. Þeir hafa þá einnig gengið í gegnum það þroskaferli og þá þjálfun, sem fæst með því að læra þrjón. Ég tel einkum tvær ástæður fyrir því að karlmenn þrjóna mun minna en konur. Önnur er eðlislægur munur áhugamála og hin er þjóðfélagsgerð nú á dögum, því áður fyrr var algengara en nú er að karlar unnu fatnað til heimilisins og þrjónuðu bæði heima og í verksmiðjum. Það þyrfti að vinna markvisst að því að skapa körlum og konum sömu atvinnutækifæri á þessu sviði með listsköpun og tiskufatnað í huga í takt við nýja tíma. Nægir þar að vitna í Kaffe Fassett. Hann er listmálari fæddur í San Francisco. Hann tók að útfæra myndir sínar í þrjón. Fassett bjó til nýja þrjónaaðferð sem nýtur mikilla vinsælda, hið svo kallaða

myndþrjón. Það byggist á því að þrjóna fram og til baka og snúa alltaf réttunni að sér. Hann er með eigin þrjónastofu og þrjónar sjálfur (handþrjón) auk þess að vera með fleira starfsfólki. Ég vil benda kennurum á að framleidd hafa verið myndbönd til að kynna Fassett og það sem hann er að gera. Áhrifaríkt er að geta bent unglíngum og öðrum á slík dæmi. Við handmenntakennarar verðum alltaf að vera vel á verði, fylgjast með nýjungum og vera duglegir að kynna þær.

Námsmat

Mat á verklegum greinum verður alltaf að hluta til huglægt. Það er misjafnt eftir skólum hvernig ætlast er til að gerð séu skil á mati. Er þar ýmist um að ræða umsagnir, bókstafi eða tölur. Samræming á mati í listgreininum er einn liður í að hefja þær til vegs og þeirrar virðingar sem með þarf. Mati í handmennt má helst líkja við mat á ritgerð og er þá mest um vert að markmiðin séu nógu skýr. Þar tel ég að uppsetning á þyngd námsefnis í stig eins og hér er gert geti hjálpað kennurum. Náði nemandi þeim verkþáttum sem lagðir voru fyrir? Allt sem er umfram það er þá til góða. Mjög gott er að hafa prófdómara á sýnilega þáttinn en það eru samt margir þættir sem kennarinn einn verður að hafa yfirsýn yfir, því er nauðsynlegt að hafa gátlista og skrá niður fyrir hvern nemandi. Ef til vill mætti búa til matsblað til að auðvelda og samræma þessa vinnu. Einnig til að gera nemendum og foreldrum ljósara hvað liggur til grundvallar einkunnunum.

Tillaga að matsblaði

Mat á verkefnum og frágangi
samkv. markmiðum 55% _____

Ástundun og heimavinna 20% _____

Sjálfstæði og frumkvæði 15% _____

Samvinna og umgengni í stofu 10% _____

Heildareinkunn _____

Umsögn: _____



NÁMSGAGNASTOFNUN
07965

ISBN 9979-0-0321-9



9 789979 003212